



Alþingi Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14.3 2013
Tilvísun: 201203-0012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum, nr. 129/1997, um skylduþryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (fjárfestingarheimildir), 625. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr.129/1997, um skylduþryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 625.mál.

Efni frumvarpsins er þrjúþætt. Í fyrsta lagi eru lagt til að bætt verði inn ákvæði í lögum þess efnis að greiði launagreiðandi inn á skuldbindinu við lífeyrissjóð með bakabyrgð ríkis eða sveitarfélags með óskráðu skuldabréfi verði sjóðnum heimilt að eiga slík bréf óháð takmörkunum 36.gr.laganna. Í öðru lagi er lagt til að heimild sjóðanna til fjárfestinga í óskráðum verðbréfum verði aukin tímabundið til ársloka 2014 úr 20% af hreinni eign sjóðsins í 25%. Í þriðja lagi er lögð til framlenging á heimild sjóðanna til þess að eiga allt að 20% hlutafé í samlagsfélögum til ársloka 2014.

Í 3.gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði inn nýju ákvæði til bráðabirgða þess efnis að lífeyrissjóðum sé heimilt að fjárfesta allt að 25% af hreinni eign sjóðsins í verðbréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu bréfin gefin út af aðilum innan OECD eða EES. Nýjar fjárfestingar í óskráðum bréfum umfram ákv. 1 málsl. 3. mgr. 36 gr. (20% af hreinni eign) eru ekki heimilar eftir 31.desember 2014. Alþýðusambandið ítrekar afstöðu sína til mikilvægis þess að farið sé varlega við veitingu heimilda til fjárfestinga í óskráðum bréfum og mikilvægi þess að ekki sé veitt undanþága frá þeim skilyrðum að ekki séu hömlur á viðskiptum með eignir sjóðanna. Þrátt fyrir að fjárfestingarkostum lífeyrissjóðanna hafi fækkað frá bankahruni og áhrif gjaldeyrishaftanna takmarki einnig möguleika þeirra til fjárfestinga, er nauðsynlegt að áfram séu viðhöfð meginsjónarmið laganna um áhættudreifingu og varfæri í fjárfestingum lífeyrissjóðanna.

Alþýðusambandið hvetur sömuleiðis til þess að farið verði að tillögum úttektarnefndar Landssamtak lífeyrissjóða og lokið vinnu við heildarendurskoðun á fjárfestingarkafla lífeyrissjóðalaganna.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Henný Hinz
hagfræðingur